

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1290  
komudagur 18.03.2002



## LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 15. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


**Varðar:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

Framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna hefur fjallað um frumvarpið og leggst gegn þeim breytingum sem þar eru lagðar til.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur hin síðari ár þróað starfsemi sína til nútímalegra verslunarháttanna með fjölgun verslana, sjálfsafgreiðslu og góðu vöruvali. Starfsfólk ÁTVR býr að góðri þekkingu þeirrar vöru sem er á boðstólnum en slíkt er mikilvægt við val á léttum vínnum. Viða á Norðurlöndum er verslun með áfengi með álíka hætti þó fullyrða megi að ÁTVR stendur þeim frammar hvað varðar þjónustu og nútímalega viðskiptahætti.

Við tökum þó fyrst og síðast þá ábyrgu afstöðu að með því að fela ÁTVR áfram umsjá áfengisverslunar sé tekin ábyrg afstaða til forvarna í því skyni að takmarka aðgengi ungmenna að áfengum drykkjum. Ungmenni reyna síður að nálgast áfengi í sérverslun en ef þessi vara fengist í almennum verslunum og þar sem hún yrði ein margra vörutegunda í daglegum innkaupakörfum. Er hætt við að með tímanum drægi úr virku eftirliti varðandi aldur þeirra sem nálgast þessa vöru.

Virðingarfyllst,

  
Jónas Magnússon  
formaður